

## Orð af orði – þróunarverkefni. Annað ár þátttöku.

### Framkvæmdaáætlun skólaárið 2015–2016.

<b>Markmið og inntak</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Orð af orði</i> er þróunarverkefni sem felur í sér og byggir á hugmynd um æskilegt námsferli og aðferðir sem stuðla að eflingu orðaforða, lesturs og læsis. Markmið þess er að <i>efla læsi og námsárangur nemenda</i> í grunnskóla. Það er gert með því að horfa á nám sem markvisst námsferli og kenna nemendum aðferðir við að sundurgreina orð, greina merkingu hugtaka, rýna í merkingu námsefnis, draga fram meginatriði þess og endurbirta á fjölbreyttan og lærdómsríkan hátt. Lykilaðferðir á fyrsta ári eru KVL, orð dagsins (sundurgreining á orði), orðhlutavinna, hugtakagreining, krossglímu- og kortagerð, orðasöfnun og endurbirting í formi samantekta, kynninga, veggspjalda, ritunar (greinargerðir, skýrslur, dagbækur, sögugerð, ljóðagerð), samræðu og leiks.</li> <li>• Á skólaárinu verður lögð áhersla á að festa í sessi áður nefndar aðferðir, rækta og dýpka, sérstaklega með <i>námsferli</i> í huga. Nýjar aðferðir í tengslum við <i>lestur, ritun, samvinnu</i> og <i>samræðu til náms</i> verða þróaðar á skólaárinu. Á haustmisseri verður lögð áhersla á lesskilningsaðferðir og samvinnu og á vormisseri ritun og samræðu til náms. Á skólaárinu læra kennarar einnig nýjar aðferðir við að efla orðaforða og áhuga á lestri.</li> <li>• Fræðsla verður einkum í formi námskeiða/námsmiðja, fræðilegs efnis og ráðgjafar. Kennarar læra aðferðir og kenna nemendum þær stig af stigi, þróa þær í takt við aðstæður og áður innleiddar aðferðir í <i>Orði af orði</i>. Ráðgjöf verður regluleg, í tengslum við nýjar aðferðir og einnig dýpkun fyrri aðferða í <i>Orði af orði</i>. Gert er ráð fyrir að aðferðirnar verði notaðar í tengslum við nám og námsefni í „bóklegum“ greinum.</li> </ul>
<b>Framvinda</b>  (dagsetningar með fyrirvara)	<ul style="list-style-type: none"> <li>• 20. ágúst: Hálf dags námskeið fyrir kennara um lesskilningsaðferðir og áhersluatriði í þróunarstarfi á haustmisseri.</li> <li>• 31. ágúst.–4. des: Markviss lesskilningskennsla í a.m.k. 12 vikur, 2x í viku; samvinna, yndislestur og orðavinna út misserið.</li> <li>• 31. ágúst: <b>Lesskilningspróf I lagt fyrir nemendur.</b></li> <li>• sept–des: Ráðgjöf þrisvar. Ráðgjöfin lýtur að þróunarstarfi á haustönn.</li> <li>• 5. janúar: Hálf dags námskeið fyrir kennara, endurbirting í formi ritunar og samræðu, kennsluleiðir og útfærsluhugmyndir</li> <li>• 12. jan–30. apr: Markviss kennsla ritunar og samræðu, 2–3 í viku, samvinna, yndislestur, lesskilningsaðferðir og orðavinna</li> <li>• feb–maí: Ráðgjöf (hópar kennara hverju sinni), þrisvar.</li> <li>• 2. maí: <b>Lesskilningspróf II lagt fyrir nemendur.</b></li> </ul>
<b>Þátttakendur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Allir nemendur 1.–10. bekk.</li> <li>• Allir umsjónarkennarar og/eða faggreinakennarar sem kenna bóklegar greinar í 1.–10. bekk.</li> </ul>
<b>Ráðgjafi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ráðgjafi hefur yfirumsjón með verkefninu, leggur til sérþekkingu er varðar inntak verkefnisins, heldur námskeið og fræðslufundi. Ennfremur sinnir hann ráðgjöf við skólann á tímabilinu september til maí. Ráðgjafi leggur fram tillögur um tilhögun verkefnisins og framkvæmdaáætlun sem nær til verkefnisins í heild. Þar verður inntaki lýst, framkvæmdarferli, hlutverki þeirra sem að málinu koma og fleira sem tilheyrir slíkum áætlunum. Á milli ráðgjafafunda hefur ráðgjafi fyrst og fremst samskipti við verkefnisstjóra innan skólanna og er þeim innan handar eftir því sem þörf er á varðandi rekstur verkefnisins og umsýslu. Ráðgjafi leggur eftir atvikum til</li> </ul>

	<p>eyðublöð varðandi innra mat en skólarnir sjálfir útvega sér lesskilningspróf. Mælt er með <i>Orðarún</i> sem eru stöðluð og áreiðanleikamæld lesskilningspróf. Ábyrgð ráðgjafa snýr fyrst og fremst að fræðslu, ráðgjöf og framkvæmdaáætlun.</p>
<b>Verkefnisstjóri innan skóla</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Í hverjum skóla er starfandi verkefnisstjóri sem stýrir verkefninu innan skólans. Hann hefur yfirsýn yfir þróunarverkefnið og samhæfir störf kennara innan skólans. Hann heldur skrá um þá kennara sem starfa við verkefnið, fær eftir atvikum hjá þeim kennsluáætlanir, aflar upplýsinga um gengi á hverjum tíma, kannar þörf á stuðningi og leitar eftir leiðum til að veita stuðning, veitir aðhald, hefur umsjón með mati, safnar eða vinnur úr gögnum um gengi nemenda, heldur saman öðrum gögnum sem nýta <i>má</i> t.d. í skýrslur um verkefnið, veitir skólasamfélaginu, nemendum, kennurum og foreldrum upplýsingar um framgang verkefnisins. Verkefnisstjóri gefur skólastjóra reglulega upplýsingar um gengi verkefnisins og vinnur að gerð lokaskýrslu.</li> </ul>
<b>Stuðningur yfirlit</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Stuðningur ráðgjafa við kennara.</i> Ráðgjafi veitir ráðgjöf sex sinnum á tímabilinu. Efni fundanna snýst m.a. um framkvæmd og stöðu verkefnis, áætlanir kennara, skipulag, reynslu kennara í verkefninu, álitamál sem koma upp og mat á árangri. Fundirnir verða haldnir í skólunum.</li> <li>• <i>Stuðningur verkefnisstjóra við kennara.</i> Verkefnisstjóri heldur reglulega fundi, a.m.k. þrjá á hvoru tímabili með kennurum. Efni fundanna varðar söfnun gagna og úrvinnslu þeirra, stuðning við kennara, upplýsingar til foreldra og almenna samræmingu á framkvæmd, mati og meðferð upplýsinga. Verkefnisstjóri sinnir ráðgjöf til kennara á móti ráðgjafa. Kennarar geta þess utan leitað til verkefnisstjóra ef þörf er á.</li> <li>• <i>Stuðningur kennara innbyrðis.</i> Mikilvægt er að kennarar í skólanum veiti hver öðrum stuðning. Það gerist með samræðu, sameiginlegri skipulagningu og lausnaleit sem hentar einum eða fleirum í hvert skipti. Ef mögulegt er þá er æskilegt að kennarar geti heimsótt hvern annan í kennslustundir og verið augu og eyru þess kennara sem heimsóttur er. Ef það er ekki hægt ættu kennarar eftir sem áður að taka stofugang, kynna sér og fara lauslega yfir framkvæmd hvers kennara og skoða gögn sem verða til í verkefninu, ræða þau og nýta sér. Safna ætti áætlunum og öðrum gögnum í möppu sem getur orðið hugmyndabanki fyrir kennara innan skólans.</li> <li>• <i>Stuðningur skólastjórnenda við kennara.</i> Stuðningur skólastjórnenda er mikilvægur. Hann kemur fyrst og fremst fram í áhuga þeirra á því sem kennarar takast á við. Þeir geta heimsótt kennara í kennslustofur, spurt þá um gengi, uppörvað þá og spurt eftir þörf á stuðningi. Enn fremur kemur stuðningur þeirra fram í tilhliðrun vegna endurmenntunar og fundarhalda með ráðgjafa og verkefnisstjóra.</li> <li>• <i>Stuðningur við skólastjórnendur og verkefnisstjóra.</i> Mikilvægt er að kennarar og aðrir sem að málinu koma hugi að því að þeirra eigin stjórnendur þurfa einnig á uppörvun að halda og því að kennarar sýni þeim skilning og styðji þá í að taka nauðsynlegar ákvarðanir. Skólastjórnendur munu eiga aðgang að ráðgjafa þegar þeir kjósa.</li> </ul>
<b>Hlutverk kennara</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennarar læra aðferðir sem þeir nýta til að kenna nemendum, skref fyrir skref. Þeir stýra einnig yndislestri sem stendur yfir allt tímabilið. Eftirfarandi gögn nýtast við mat á framvindu þróunarstarfs: <ol style="list-style-type: none"> <li>a) Niðurstöður lesskilningsprófa. Kennarar fá prófin í hendur, leggja þau fyrir, fara yfir og skrá niðurstöður.</li> <li>b) Gögn úr vinnu nemenda, mælt er með námsmökkum þar sem gögnum sem sýna ferli og framvindu þróunarstarfsins er safnað. Kennarar fara yfir, meta og halda skrá yfir framfarir eftir því sem við á. Ráðgjafi veitir ráðgjöf um gagnaöflunina.</li> </ol> </li> <li>• Gert er ráð fyrir að kennarar geri kennsluáætlanir (mest 1 síða hver áætlun, ráðgjafi sýnir hvernig form verður á því), þrjár á hvoru tímabili þar sem þeir gera grein fyrir hvernig þeir kenna nemendum aðferðir stig af stigi. Þessum áætlunum er skilað til verkefnisstjóra í skólanum.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Reynslan hefur sýnt að kennarar eru undir miklu álagi þegar þeir læra ný vinnubrögð í kennslu. Mikilvægt er að stjórnendur ætli kennurum tíma til að létta undir með undirbúningi.</li> </ul>
<b>Mat</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gert er ráð fyrir innra og ytra mati. Innra mat felst í sjálfsmati kennara og mat á stöðu og framförum nemenda. Ytra mat felst í lesskilningsprófun. Skólinn vinnur sjálfur úr þeim gögnum sem safnast á tímabilinu og gefur upplýsingar til nemenda, kennarasamfélagsins og foreldra.</li> <li>• Kennarar sjá um fyrirlögn prófa og mat en verkefnisstjóri heldur heildarskráningu um árangur og setur hana á sýnilegt form.</li> </ul>

### Nánar um áhersluatriði á öðru ári þróunarstarfs.

Á fyrsta ári í *Orði af orði* er lögð áhersla á *hugsmíðanámslíkan* sem felur í sér námsferli (stig kveikju, sundurgreiningar og endurbirtingar) og kenningar um nauðsynlega úrvinnslu, sjá [www.hagurbal.weebly.com](http://www.hagurbal.weebly.com). Ef kostur er hefst nám á tengingu við það sem nemendur þekkja og það er rætt, farið yfir hugtök og skilning, væntingar um frekara nám skapaðar, og síðan læra nemendur eitthvað nýtt og tengja það við það sem þeir þekktu fyrir. Lögð er áhersla á tíða og fjölbreytta úrvinnslu sem stuðlar að heildstæðri og virkri þekkingu.

Á öðru ári í *Orði af orði* er þróunarstarfið á fyrsta ári ræktað enn frekar og námsferlið þétt með lesskilningsaðferðum og endurbirtingu í formi fjölbreytilegrar ritunar, samvinnu og samræðu til náms. Nemandi sem hefur tekið þátt í tveggja ára þróunarstarfi í *Orði af orði* ætti að búa að ýmsum góðum og gagnlegum námsvenjum við öflun þekkingar og miðlun hennar.

*Orðavinna, námstækni.* Tungumálið er lykilverkfæri hugans og því mikilvægt að læra það, rækta og iðka. Það verður ekki gert í eitt skipti fyrir öll, það er stöðugt verkefni. Áfram verður lögð áhersla á grunni þróunarvinnu fyrsta árs. Kennarar velja markvisst lykilorðaforða úr námsefni til að vinna með og nýta aðferðir verkefnis í samhengi og samfellu, þannig að aðferðirnar þjóni sem best námsferlinu. Þess verður gætt að nemendur fái áfram þjálfun í að nota aðferðir, þeir rækti þær og finni sínar eigin leiðir í þeim efnun.

*Lesskilningsaðferðir.* Lögð verður áhersla á þætti sem tengjast lesskilningi og einkum vikið að svokölluðum fjölþátta lesskilningsaðferðum. Margar þeirra byggja á gagnvirkum lestri (e. reciprocal teaching), t.d. SQ3R, PALS, PASS og CRS, enda er gagnvirkur lestur aðferð sem hefur verið rannsökuð við fjölbreyttar aðstæður (á yngsta stigi, miðstigi, unglingsstigi, í framhaldsskóla, háskóla; í bókmenntum, stærðfræði, samfélagsfræði ...) með jákvæðum árangri. Í viðamestu rannsókn sem gerð hefur verið almennt á áhrifum kennsluáðferða á *námsárangur* er gagnvirkum lestri raðað í 9. sæti (Hattie, 2009) yfir aðferðir sem hafa skýrust tengsl við námsárangur. Aðferðin hefur verið útfærð sem einstaklingslestur, paralestur (t.d. PALS) og samvinnulestur (t.d. CRS) með góðum árangri.

Skólarnir í Húnaþingi tóku fyrir rúmum tíu árum þátt í verkefninu *Læsi til framtíðar* (Rósa Eggertsdóttir) og eitthvað eimir eftir af því þróunarstarfi í kennslu, þó misjafnlega mikið. Í *Læsi til framtíðar* var m.a. lögð áhersla á gagnvirkan lestur og SSLSR (e. survey, question, read, recite, review) og þær jafnvel fléttar saman. Sumir skólanna í dag eru auk þess að fíkra sig áfram með PALS (sem lestrarkennsluáðferð á yngsta stigi).

Í þróunarstarfinu verður byggt á þeim grunni sem lagður hefur verið með *Læsi til framtíðar* (og PALS) og miðað við að kennarar kenni nemendum markvisst að nota fjölþátta lesskilningsaðferðir á fjölbreyttan hátt í námi, eftir aðstæðum og markmiðum hverju sinni. Aðferðirnar má nota sem ferli en einnig má nota staka þætti aðferðanna, þegar við á, t.d. í úrvinnslu fræðilegs efni (t.d. vísindatexta). Markvissar lesskilningsaðferðir falla vel að stigi sundurgreiningar námsefnis í samvirka líkani *Orðs af orði*.

*Ritun og miðlun.* Ritun snýst í meginráttum um hugverk – að koma hugsun sinni í orð á viðeigandi hátt (frásögn, ævintýri, greinargerð, skýrsla, blogg, kort ...). Yfirleitt er gert ráð fyrir ritun í tengslum við ritmál en vert er að huga að ritun sem fjölbreytilegri miðlun t.d. texta, tákna, hljóðs og mynda. Í þróunarstarfinu verður lögð áhersla á skapandi og greinandi ritun (og miðlun) og fjölbreytilegan farveg hennar. Það fellur mjög vel að öllum stigum líkans *Orðs af orði*, ekki síst stigi endurbirtingar.

*Samvinna og samræða til náms.* Í viðamestu rannsókn á áhrifum kennsluáðferða á lesskilning og læsi (NRP, 2000\*) kom fram að samvinnunám hefur mjög jákvæð áhrif á lesskilning og því hafa lestrarfræðingar mælt með samvinnunámi. Jákvæð áhrif samvinnunáms á lesskilning má rekja til þess að í samvinnu nota nemendur mál í ríkari mæli en þegar um einstaklingsnám er að ræða, skiptast á skoðunum, ræða námsefnið og nýta og læra viðeigandi orðaforða og orðræðu. Í samvinnunámi er einnig markviss hlutverkaskipan sem stuðlar að góðum og námsvenjum. Sá sem venst því fyrirkomulagi sem felst í samvinnunámi eflir því bæði námsvitund sína og og námstækni. Samvinnan verður eins konar námsumhverfi þar sem auðvelt er að nýta allar aðferðir úr *Orði af orði*. Samræða til náms felur í sér flóru aðferða er lúta að markvissri samræðu og rökræðu. Til eru ýmsar samræðuaðferðir sem henta vel, til að mynda rökræða (e. accountable talk) sem hentar vel í hópavinnu og sókratísk samræða (e. socratic seminar) sem hentar vel í bekkjarsamræðu. Það fer eftir samræðuforminu hvernig samræðan fellur að líkani *Orðs af orði* en samræðan getur verið afmörkuð (á stigi sundurgreiningar) eða víð (á stigi kveikju eða endurbirtingar).

*Læsis- og lestrarstefna.* Kennarar taka þátt í að þróa *læsis- og lestrarstefnu* og innleiða hana (eða fyrirliggjandi stefnu) í sínum skóla þannig að stefnan verði sem virkust og nái til alls skólasamfélagsins.

\*NRP tók saman yfir 115 þúsund rannsóknir, allt frá sjötta áratug 20. aldar.